

Reykholaskóli-leikskóladeild lagði fyrir könnun fyrir foreldra í mars 2023.
Svarhlutfall er 67% og tekið mið af þeim niðurstöum

Almennt

Ég þekki starfsáætlun leikskólans (s.s. uppl. um starfsdaga, fasta liði í starfsmi o.þ.h.) Foreldrar er ekki nægilega kunnugt um starfsáætlun sem er birt á heimasíðu leikskólans. Bæta þarf aðgengi að þeim upplýsingum.

Ég þekki skólanámskrá leikskólans Allur gangur er á hvort foreldrar þekki skólanámskrá Hólabæjar en flestir virðast vita af henni engu að síður

Ég er ánægð(ur) eða óánægð(ur) með samvinnu milli skólastiga leik- og grunnskóla Ánægja er með samvinnu milli skólastiga.

Ég er ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með dagleg samskipti mín við starfsfólk deildarinnar Skorar deildin hátt í samskiptum við foreldra og mun halda áfram á þeirri braut

Ég hef tækifæri til að ræða við starfsfólk leikskólans um hvernig við vinnum saman að uppeldi barnsins míns Samvinna er góð milli heimilis og skóla

Hversu oft ræðir þú við starfsfólk leikskólans um uppeldi barnsins Foreldrar virðast eiga greiðan aðgang að starfsfólki þegar á þarf.

Spurt er:

Hvernig var staðið að aðlögun barnsins við upphaf leikskólagöngu?

Foreldrar eru sammála um að aðlögun hafi gengið vel og aðlögun og skipulag tengdum henni hafi gengið vel.

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með viðmót starfsmanna í samskiptum við þig/ykkur Foreldrar upplifa jákvætt viðhorf frá starfsfólki.

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með viðmót starfsmanna í samskiptum við barnið/börnin þitt/þín Foreldrar upplifa viðhorf starfsmanna til barna sinna jálvætt.

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með viðmót deildarstjórans í samskiptum við þig

Foreldrar upplifa viðmót deildastjóra jákvætt í sinn garð.

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með síðasta foreldraviðtal sem þú fórst í

Foreldraviðtöl hafa gengið mjög vel og foreldrar almennt ánægðir.

Mitt viðhorf til foreldraviðtals er

Viðhorf

foreldra til viðtala er jákvætt, sem skilar sér í góðri þáttöku í þeim

Hvaða upplýsingar vilt þú fá í foreldraviðtali?

Foreldrar hafa mest áhuga á að vita hvernig barni líður, framfarir í þroska og hvernig heimili og skóli vinna saman ef eitthvað kemur uppá.

Hvað mætti betur fara að þínu mati í leikskólanum?

Almennt finnst fólki staðan góð, mættu koma fleiri myndir á Karellen.

Telur þú að barnið þitt sé ánægt eða óánægt í leikskólanum?

Foreldrar telja að

börnunum líði nokkuð vel á meðan dvöl þeirra í leikskólanum varir.

Hvernig finnst þér tekið á móti barni í upphafi dags og það kvatt þegar það fer heim? (börnum)

Foreldrar upplifa móttöku og hvernig barn er hvatt í lok dags almennt fara vel fram.

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með fæði barnsins í leikskólanum?

Mjög dreifð

skoðun er á næringu barna í leikskólanum, þó meirihluti foreldra telji hana mjög góða.

Finnst þér barnið þitt fá næga útiveru í leikskólanum?

Allir foreldrar sem svöruðu könnun eru sammála um að barnið fái nægilega útiveru í leikskólanum

Telur þú að leikskólinn komi til móts við barnið þitt hvað varðar líkamlega umönnun?

Allir foreldrar sem svara könnun telja að komið sé til móts hvað varðar líkamlega umönnun barns/barna sinna

Telur þú að leikskólinn komi til móts við barnið þitt hvað varðar líkamlegan þroska?

Foreldrar telja að komið sé til móts hvað varðar líkamlegan þroska barns/barna sinna

Telur þú að leikskólinn komi til móts við barnið þitt hvað varðar vitsmunapróska?

Allir foreldrar sem svara könnun telja að komið sé til móts hvað varðar vitsmunapróska barns/barna sinna

Telur þú að leikskólinn komi til móts við barnið þitt hvað varðar félagsþroska?

Allir foreldrar sem svara könnun telja að komið sé til móts hvað varðar félagsþroska barns/barna sinna

Telur þú að leikskólinn komi til móts við barnið þitt hvað varðar umhyggju starfsfólks?

Allir foreldrar sem svara könnun eru sammála um að komið sé til móts við barn sitt hvað varðar umhyggju starfsfólks.

Upplýsingagjöf

Hvar færð þú helst upplýsingar um daglegt starf í leikskólanum?

Foreldrar eru sammála um að upplýsingagjöf til heimila hvað varðar daglegt starf fari í gegnum tölvupóst, FB síðu Hólabæjar og í samtölum við starfsfólki

Færð þú nægar upplýsingar um daglegt starf í leikskólanum?

Leikskólinn

má bæta sig í daglegri upplýsingagjöf hvað varðar daglegt starf á deildinni.

Hefur þú farið á heimasíðu leikskólans seinustu 6 mánuði?

Flestir hafa farið á heimasíðu leikskólans sl. 6 mánuði.

Er leikskólinn með virka heimasíðu að þínu mati?

Foreldrar telja leikskólan ekki vera með virka heimasíðu og verður bætt úr því.

Notar þú Karellen appið?

Meirihluti foreldra er virkur í notkun á Karellen appinu

Spurt er:

Hvaða upplýsingar skoðar þú helst á Karellen appinu?

Flestir fylgjast með matseðli, myndum og skilaboðum frá leikskóla.

Finnst þér þú þurfa fræðslu um Karellen?

Foreldrar eru almennt sammála um að þeir þurfi ekki meiri fræðslu um Karellen appið.

Þegar á heildina er litið, ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með upplýsingagjöf leikskólans?

Þegar á

heildina er litið eru foreldrar almennt ánægðir með upplýsingagjöf leikskólans en það má alltaf bæta hana.

Aðstaða og aðbúnaður

Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með aðstöðu á lóð leikskólans?

Foreldrar eru mjög ánægðir með aðstöðu á lóð leikskólans

Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með almennt ástand húsnæðisins?

Foreldrar eru

mjög ánægðir með almennt ástand húsnæðis leikskóladeildar.

Annað

Ertu með ráð til sveitastjórnar með rekstur leikskólans? 0 svör

Engin svör ennþá við þessari spurningu.

Ertu með góða hugmynd fyrir leikskólann? 0 svör

Engin svör ennþá við þessari spurningu.

Eitthvað að lokum sem þú vilt koma á framfæri? 1 svar

Ábending kom um að sjáanlegt sé að stundum vanti auka hendur til verka innan deildarinnar.